



Íslandsmótin 2007

Íslandsmót einstaklinga 2007

Íslandsmót einstaklinga verður haldið dagana 24. febrúar - 6. mars 2007 í Keiluhöllinni. Olíuburður verður auglýstur síðar.

Forkeppni helgarnar 24. - 25. febrúar eða 3. - 4. mars.

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum. Keppendur velja sér hvort þeir leika helgina 24. - 25. febrúar eða 3. - 4. mars. Leikið er kl. 9:00 laugardag og sunnudag. Verð í forkeppni kr. 5.500,- 16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

Milliriðill mánudaginn 5. mars, kl. 19:00

Spilaðir eru 6 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðil kr. 3.000.-

Undanúrslit þriðjudaginn 6. mars, kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð. Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslitin er kr. 3.000 fyrir karla og 2.000 fyrir konur.

Úrslit þriðjudaginn 6. mars – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður samantlagt pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer fram á netfanginu skraning (hjá) kli.is og lýkur þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 22:00.

Boðið verður upp á æfingatíma í þeim olíuburði sem notaður verður í mótinu og verður olíuburðurinn ásamt æfingatímanum auglýstur síðar. Æfingin er einungis fyrir keppendur í mótinu og þurfa keppendur að skrá sig í æfingatímamann og greiða um leið og greitt er fyrir forkeppni.